

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 11 hjá núverandi stjórn og númer 994 frá upphafi.

Viðstaddir: Sveinn Kristinsson, Gísli Friðriksson, Halldór Valdimarsson, Helgi Ívarsson, Hrund Snorradóttir, Jónas Sigurðsson, Margrét Vagnsdóttir, Oddrún Kristjánsdóttir, Ragna Árnadóttir og Sigrún Árnadóttir, Ívar Kristinsson og Þóra Björk Nikulásdóttir. Guðmundur Jóhannsson, starfandi framkvæmdastjóri, og Dögg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár kl. 15.56.

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna.

- 1. Fundargerð stjórnarfundar frá 25. september**
Samþykkt.
- 2. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 27. október**
Samþykkt.
- 3. Níu mánaða uppgjör landsskrifstofu**
Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir uppgjörið og greindi frá stöðunni eftir fyrstu níu mánuði ársins.
- 4. Yfirlit um verkefni sviða**
Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir verkefnayfirlit sviðanna fyrir síðustu vikur og mánuði og upplýsti um helstu atriði.

Helgi Ívarsson yfirgaf fundinn kl. 16.25.

- 5. Flutningur Rauða krossins í Reykjavík í Efstaleiti 9**
Formaður greindi frá því að Rauði krossinn í Reykjavík væri fluttur inn í Efstaleitið og starfsfólkið væri búið að koma sér fyrir á skrifstofum sínum. Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir ferlið síðustu vikur. Stjórnin lýsti yfir ánægju sinni með flutninginn.
- 6. Verkefni á Grænlandi**
Formaður gerði grein fyrir samstarfi við Rauða krossinn á Grænlandi. Rauða krossinn á Íslandi hyggst styðja við félagið á Grænlandi, einkum við uppbyggingu þess. Liður í því er að gera könnunina „Hvar þrengir að?“ og móta svo verkefni á Grænlandi út frá niðurstöðum könnunarinnar. Rauði krossinn í Nuuk mun einnig vinna sérstaklega með Rauða krossinum í Reykjavík og þá einkum í tengslum við ungmennamál. Formaður greindi einnig frá samningi sem Rauði krossinn hefur gert við Flugfélag Íslands um ferðir með flugfélaginu á milli landanna tveggja.
- 7. Móttaka flóttamanna**
Starfandi framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um móttöku flóttamanna sem áætlað er að komi til landsins í desember eða janúar og upplýsti stjórn um stöðu mála.



Fundargerð

31. október 2015

8. Fundir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Genf í desember

Formaður og starfandi framkvæmdastjóri upplýstu um komandi fundi Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í Genf í desember. Formaður, starfandi framkvæmdastjóri og sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðssviðs munu sitja fundina. Stjórnin ákvað að Hrund Snorradóttir yrði einnig fulltrúi Rauða krossins á Íslandi, ásamt Kristínu S. Hjalmtýsdóttur, formanni Reykjavíkureildar og munu þær sitja Allsherjarþing Rauða krossins 4.-6. desember.

Ragna og Jónas yfirlögðu fundinn kl. 17.02.

9. Önnur mál

- a. Rætt var um undirbúning stjórnarfunda og tímaplan fyrir fundina fram í tímann. Einnig rætt að stjórnarmenn fengju flíspeysur merkar Rauða krossinum.

Formanni var falið að finna dagsetningu fyrir næsta fund stjórnar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.09